

Spurningar og svör #12 Uppfært í apríl 2019

Spurningar og svör #11 Uppfært í júní 2019

Eftirfarandi álit í tengslum við túlkun 4.3a/1 sem takmarkar notkun flatarkorta eru í gildi frá janúar 2019 þegar nýjar golfreglur verða innleiddar.

**1. Hvenær eiga takmarkanir á notkun flatarkorta við?**

Túlkunin takmarkar það efni sem leikmaður má nota á meðan umferð er leikin til að aðstoða við lestur leiklínunnar á flötinni, þannig að hæfileiki leikmannsins til að lesa brot á flötinni sé áfram óaðskiljanlegur hluti þess að pútta. Því eiga takmarkanirnar við um:

- öll högg sem leikmaðurinn slær á flötinni, og
- högg með púttar hvaðan sem er á vellinum þegar ætlun leikmannsins er að boltinn hafni á flötinni.

**2. Má leikmaður nota vallarvísi sem inniheldur myndir sem ekki uppfylla „skölunartakmörkin“ eða ef vallarvísirinn sjálfur uppfyllir ekki „stærðartakmörkin“, án þess að brjóta reglu 4.3?**

Leikmaður má ekki nota vallarvísi sem uppfyllir ekki bæði skölunar- og stærðartakmörkin, til að aðstoða við lestur leiklínunnar á flötinni.

Hins vegar getur leikmaðurinn notað vallarvísi til annarra nota, vítalaust (svo sem til að sjá hversu langt innáhögg hann þarf að slá inn á flöt, þar á meðal til að ákvarða halla á flötinni, eða til að ákveða heppilegan stað á flötinni til að láta boltann stöðvast eftir næsta högg, að því gefnu að leikmaðurinn noti ekki púttar í högginu).

**3. Þurfa flatarmyndir sem leikmaður eða kylfuberi handteikna að uppfylla stærðartakmörkin í túlkuninni?**

Já, allar handskrifaðar athugasemdir (þar á meðal handteiknaðar myndir af flötum) verða að vera í bók eða á blaði sem uppfyllir stærðartakmörkin, þ.e. ekki stærri en 4 ¼ x 7 tommur, hversu grófar eða ítarlegar sem þær eru.

**4. Þurfa flatarmyndir sem leikmaður eða kylfuberi handteikna að uppfylla skölunartakmörkin í túlkuninni?**

Nei, handteiknaðar myndir þurfa ekki að uppfylla skölunartakmörkin. Eina takmörkunin varðandi slíkar handskrifaðar nótur eru að þær séu í bók eða á blaði sem uppfyllir stærðartakmörkin (sjá spurningu 3).

**5. Má leikmaður nota stækkaða mynd af flötinni (til dæmis á blaði sem er 8 ½ x 11 tommur) til að aðstoða við að ákvarða leiklínu í innáhöggi?**

Já, svo framarlega sem leikmaðurinn notar ekki púttar fyrir höggið.

**Spurningar og svör #12 Uppfært í apríl 2019****Spurningar og svör #11 Uppfært í júní 2019**

- 6. Teljast nótur sem leikmaður eða kylfuberi búa til með aðstoð tölvuforrits (svo sem CAD-forrits) vera „handskrifaðar“?**

Nei. Þótt nota megi CAD forrit til að búa til flatarkort sem uppfyllir skölunar- og stærðartakmörkin ná kröfur um „handskrifaðar“ nótur aðeins til nota sem eru beinlínis skrifaðar eða teiknaðar af leikmanninum eða kylfuberanum.

- 7. Má leikmaður eða kylfuberi ljósrita (eða afrita á annan vélrænan hátt) handskrifaðar nótur annars leikmanns eða kylfubera og nota ljósritið til aðstoðar við að ákvarða leiklínuna á flötinni?**

Nei. Notkun ljósrita til að aðstoða við að ákvarða leiklínuna á flötinni telst sams konar og að nota nótur frá öðrum leikmanni eða kylfubera, og slíkt er ekki leyfilegt.

- 8. Ef ein eða fleiri mynda í bók eru stærri en „stærðartakmörkin“ segja til um, má leikmaðurinn nota ljósritunarevél til að minnka myndina svo hún uppfylli kröfurnar um stærðartakmörkin?**

Já.

- 9. Má leikmaður ákvarða leiklínuna á flötinni með því að nota bók með sautján myndum sem uppfylla skölunartakmörkin en einni sem gerir það ekki?**

Já, en leikmaðurinn má þá ekki nota bókina til að ákvarða leiklínuna á flötinni þar sem myndin uppfyllir ekki skölunartakmörkin.

Leikmaðurinn mætti nota hinar sautján myndirnar á hvaða hátt sem er, þar á meðal til aðstoðar við að ákvarða leiklínuna á flötinni.

- 10. Mega kylfuberar skiptast á upplýsingum og afrita handvirkt nótur hvor annars, fyrir eða á milli umferða?**

Já. Takmarkanirnar varðandi handskrifaðar nótur fela einungis í sér að upplýsingar sem leikmaður eða ritari handskrifa eða handteikna verða að vera skrifaðar eða teiknaðar af leikmanninum eða kylfubera hans. Engar skorður eru settar við því hvernig leikmaðurinn eða kylfuberrinn aflar upplýsinganna, svo sem með því að handskrifa efni eða nótur frá öðrum leikmanni eða kylfubera.

Spurningar og svör #12 Uppfært í apríl 2019

Spurningar og svör #11 Uppfært í júní 2019

- 11. Ef leikmaður byrjar umferðina með kylfubera A en skiptir svo um og fær kylfubera B á meðan umferðin er leikin, mega leikmaðurinn og kylfuberi B nota vallarvísi sem hefur að geyma handskrifaðar nótur frá kylfubera A, til að aðstoða við að ákvarða leiklínuna á flötinni?**

Í þeim sjaldgæfum tilfellum þegar leikmaður skiptir um kylfubera í miðri umferð (til dæmis ef kylfuberi A veikist) er leikmanninum heimilt að nota handskrifaðar nótur frá bæði kylfubera A og kylfubera B það sem eftir er af umferðinni.

- 12. Ef leikmaður skiptir um kylfubera í keppni, mega leikmaðurinn og nýi kylfuberinn nota handskrifaðar nótur sem útbúnar voru af fyrri kylfuberanum til að aðstoða við að ákvarða leiklínuna á flötinni?**

Já. Í móti má nota handskrifaðar og handteiknaðar upplýsingar um flatirnar til að ákvarða leiklínuna á flötinni, ef þær voru útbúnar af kylfubera sem leikmaðurinn hafði fyrir í mótinu. Heimildin til að halda áfram að nota þessar nótur nær einnig til aðstæðna þegar kylfuberinn skráir nótur í æfingahring dagana fyrir mótið en leikmaðurinn byrjar mótið með öðrum kylfubera.

Heimildin nær ekki til aðstæðna þar sem leikmaðurinn eða kylfuberinn reyna að fara í kringum takmarkanirnar varðandi handskrifaðar nótur.

- 13. Má þjálfari eða liðsstjóri sem hefur verið tilnefndur sem ráðgjafi annaðhvort skrá nótur í vallarvísi leikmanns eða nota eigin vallarvísi til að sýna leikmanninum þegar hann gefur ráð?**

Já. Þótt túlkunin segi að allar nótur takmarkist við leikmanninn eða kylfuberann er litið á nótur ráðgjafa á sama hátt og nótur kylfubera leikmannsins þegar ráðgjafinn hefur verið tilkynntur til nefndarinnar vegna tiltekinnar umferðar.

- 14. Má leikmaður nota nótur frá samherja eða kylfubera samherjans í fjórmenni eða fjórleik?**

Já. Þótt túlkunin segi að allar nótur takmarkist við leikmanninn eða kylfuberann er ljóst af reglum 22.2 og 23.5a að samherji og kylfuberi samherjans mega gefa ráð.

Hins vegar, ef leikmaðurinn ætlar að nota þá bók í næstu umferðum eða keppnum á vellinum mætti hann ekki nota nótur sem samherjinn eða kylfuberi samherjans skrifuðu í bók leikmannsins til að aðstoða leikmanninn við að ákvarða leiklínuna á flötinni, nema leikmaðurinn hafi sama samherja eða kylfubera samherjans í þeim umferðum.

**Ath.:** Framleiðendur vallarvísa eru hvattir til að tilgreina á forsiðu eða inni í vallarvísinum skala flatarmynda ásamt heildarstærð bókarinnar. Til dæmis:

Flatarmyndir eru í skalanum 3/8" x 5" eða minna og stærð bókarinnar er 6" x 4"